



# STAÐLAR OG LÖGGJÖF

ÍSLENSKIR  
STAÐLARÁÐ ÍSLANDS STAÐLAR





ÍSLENSKIR  
STAÐLARÁÐ ÍSLANDS STAÐLAR

ÞÓRUNNARTÚNI 2  
105 REYKJAVÍK  
STADLAR@STADLAR.IS  
WWW.STADLAR.IS

©STAÐLARÁÐ ÍSLANDS, 2020



# FORMÁLI

Staðlaráð Íslands er samstarfsráð þeirra sem hagsmuna hafa að gæta af stöðlum og fer með hlutverk Íslands á alþjóðlegum vettvangi, sem aðili að ISO, IEC, CEN, CENELEC og ETSI. Staðlaráð Íslands eru hlutlaus og sjálfstæð aðildarsamtök um stöðlum en fer með lögbundið hlutverk skv. lögum nr. 36/2003 um staðla og Staðlaráð Íslands. Í því felst staðfesting á evrópskum stöðlum, sem teknir eru upp til að samræma innri markað Evrópu, séríslensk staðlagerð, þýðingar á stöðlum og það að veita aðgengi að u.þ.b. 50.000 stöðlum sem ýmist eru skrifaðir af íslenskum hagsmunaaðilum, evrópusamtökum um staðlagerð (CEN, CENELEC og ETSI) eða alþjóðlegum staðlasamtökum (ISO, IEC).

Staðlaráð Íslands vinnur nú að því að gera staðlasafn sitt og -starf aðgengilegra og sýnilegra bæði löggjafanum og aðilum í opinberri stjórnsýslu, ekki síður en íslensku atvinnulífi til að tryggja að staðlar mæti þörfum þeirra og kröfum.

Staðlar eru alla jafna til frjálsra afnota og fjalla um margvísleg efni; hvernig verk skulu unnin, t.d. hvaða mælieiningar miða skal við, hvernig ná má tilteknum gæðum og öryggi og hvaða kröfur eru gerðar til stjórnkerfa, vöru og þjónustu svo eitthvað sé nefnt. Stöðlum er ekki ætlað að stýra löggjöf eða pólitískri

stefnu en þeir geta veitt ómetanlegan stuðning við innleiðingu opinberrar stefnu og löggjafar.

Þessu riti er ætlað að auka skilning á því hvers vegna og hvernig má ná árangri með því að nota staðla sem stuðning við að innleiða stefnu og löggjöf og við framkvæmd ýmissa verkefna.

Tilgangur ritsins er einnig að hvetja til samtals milli Staðlaráðs Íslands og löggjafans og þeirra sem fara með framkvæmd löggjafarinnar. Með góðri þekkingu og beinni þátttöku í staðla-starfi geta löggjafinn og framkvæmdavaldið sótt aukinn styrk til að koma í kring pólitískum stefnumálum. Nýleg norræn rannsókn leiðir í ljós að 84% stjórnenda fyrirtækja telja staðla auðvelda hlítingu við lög og reglur.<sup>1</sup> Með því er einnig ljóst að staðlar styðja við áform stjórnvalda. Segja má að það hafi endurspeglast héraendis við gerð Jafnlaunastaðalsins ÍST 85. Þátttaka í slíkum stöðlunarverkefnum varpar ljósi á þær áskoranir sem stjórnvöld glíma við og styður jafnframt við árangursríkt staðlastarf.

Þetta rit hefur að geyma upplýsingar um staðla og staðlastarf sem auðveldar löggjafanum og framkvæmdarvaldinu að setja lög og reglugerðir og fylgja þeim eftir.

# 1. STAÐLAR OG STAÐLAGERÐ

## ■ Hvað eru staðlar og hvernig verða þeir til?

Staðall er opinbert skjal ætlað til frjálsra afnota. Í staðli er að finna reglur, leiðbeiningar eða skilgreiningar sem miða að því að tryggja tiltekna virkni, að hlutir passi og að þeir skili því sem af þeim er krafist. Allt er þetta gert til þess að auka hagkvæmni, einfalda verkferla og draga úr kostnaði. Staðlar innihalda strategísk og þaulhugsuð svör um rekstur skipulagsheilda sem stuðla að lækkun rekstrarkostnaðar, aukinni framleiðslu, auknu aðgengi að mörkuðum og að frjálsari og sanngjarnari milliríkjavíðskiptum.

Staðlar verða ekki til nema með sammæli hagsmunaaðila. Samning staðla byggist á því að hagsmunaaðilar komi sér saman um hvað sé hæfilegt og eðlilegt, hverjar góðar starfsvenjur séu og að þeir séu í takt við tímann. Ákveðnar reglur eru viðhafðar um samningu og samþykkt staðla, sem og þátttöku við gerð þeirra. Allir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta geta átt aðkomu að staðlagerð. Mikilvægt er að við borðið sitji fulltrúar sem flestra hagsmuna. Í því felst að staðlar innihalda viðurkennda aðferð eða ferli sem byggir á reynslu og þekkingu þeirra sem lögðu sitt af mörkum við gerð þeirra sem og sammæli um innihald þeirra. Við staðlagerð er þannig leitast við að lýsa því hvaða kröfur eru gerðar og leiðbeint um það hvernig má uppfylla þær, fremur en að þeir lýsi ákveðnu ferli eða fyrirfram mótuðum aðferðum.

Staðlar eru búinir til með þátttöku allra haghafa sem vilja láta sig málið varða. Fulltrúar þeirra taka sæti í svokölluðum tækninefndum og/eða vinnuhópum sem semja frumvörp að stöðlum. Með því er reynt að tryggja að staðlar endurspegli hagsmuni flestra eða allra haghafa og taki því tillit til mismunandi sjónarmiða; samfélagslegra, fjárhagslegra og viðskiptalegra.



*Staðlaráð Íslands hefur um árabil átt gott samband við sérfræðinga á mörgum sviðum sem hafa lagt sitt af mörkum við staðlagerð. Fulltrúar opinberrar stjórnsýslu eru þar ekki undanskildir. Á það við um frumkvæði að staðlagerð og þýðingar á stöðlum, smíði frumvarpa, gerð umsagna og atkvæðagreiðslu um staðla þar sem það á við.*

## ■ Staðlar í þrívídd

Staðlar geta verið alþjóðlegir (ISO/IEC), evrópskir (EN), landsstaðlar (ÍST) en svo eru einnig til sérstakir atvinnugreinastaðlar.

Staðlar eru til á sviði bygginga, raftækni, matvæla, véla, tækja, neytendavöru, textíls, gæðastjórnunar o.s.frv. Umfang staðlagerðar telur um 250 mismunandi svið.

Staðlar geta verið grunnstaðlar um mál, vog, stærðfræðitákn o.s.frv., kerfisstaðlar um vörupalla, gáma, flutningatæki og vörugeymslur, hugtaka- og táknastaðlar, s.s. iðorðasöfn, vörumerkingar og tákn á skiltum, stærðarstaðlar varðandi



dekk, skrófur, rær o.s.frv., prófunarstaðlar sem segja t.d. til um aðferð við þolprófun, getustaðlar sem segja til um ákveðnar kröfur um getu og gæði til að tryggja ákveðna eiginleika eða aðferðarstaðlar um vinnulag, ferli og annars konar aðferðir til að ná settu marki.

Það má því segja að unnt sé að beita stöðlum við úrlausn ólíkra verkefna á mjög breiðu sviði. Til eru um 30.000 íslenskir staðlar og ríflega 20.000 alþjóðlegir staðlar þar að auki. Hjá Staðlaráði Íslands eru því til um 50.000 lausnir við ýmsum áskorunum.

### ■ Hlutverk Staðlaráðs Íslands

Staðlaráð Íslands var formlega stofnað með lögum árið 1993 og núgildandi eru lög um staðla og Staðlaráð Íslands nr. 36/2003. Fram til þess tíma hafði þó verið unnið að stöðlum og staðlatengdum verkefnum um langt árabíl. Staðlar hafa því verið hluti af íslensku atvinnulífi í áratugi. Má í því sambandi nefna að fyrsta útgáfa staðalsins ÍST 30, Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir, var staðfest árið 1969. Staðallinn hefur þannig stuðlað að góðum viðskiptavenjum í byggingariðnaði í rúm 50 ár. Hlutverk Staðlaráðs Íslands er lögum samkvæmt fólgið í útgáfu íslenskra staðla, staðfestingu á erlendum stöðlum sem gerðir eru að íslenskum, aðild að evrópskum og alþjóðlegum staðlasamtökum og að fara með atkvæði Íslands á þeim vettvangi. Staðlaráð Íslands fóstrar staðlastarf héraðs og tryggir aðgengi að stöðlum, íslenskum og erlendum. Þátttaka í staðlastarfi tryggir að tekið sé tillit til ólíkra hagsmuna við staðlagerðina. Þátttaka í staðlastarfi eflir tengslanet þeirra sem taka þátt, þeir geta betur fylgst með og haft áhrif á þróun á sínu sviði. Aðild að Staðlaráði Íslands

er öllum opin og hefur í för með sér margs konar ávinning svo sem afslátt af stöðlum, aðgang að upplýsingum og áhrif á stefnumótun og rekstur ráðsins.

Staðlaráð Íslands á aðild að alþjóðlegu staðlasamtökunum ISO og IEC, evrópsku staðlasamtökunum CEN og CENELEC og evrópsku fjarskiptastaðlasamtökunum ETSI. Þá tekur ráðið virkan þátt í norrænu staðlasamstarfi.

Aðild Staðlaráðs að alþjóðlegum og evrópskum staðlasamtökum gerir Íslendingum kleift að fylgjast með þróun í ýmsum greinum og tryggir séríslenska hagsmuni þar sem við á. Slík aðild krefst agaðra vinnubragða, gagnsæis og traustrar þjónustu sem skilar sér til hagsmunaaðila á Íslandi.



*Aðild Staðlaráðs Íslands að alþjóðlegu samtökunum ISO og IEC er í raun aðild að staðlasamstarfi sem nær til 97% íbúa heimsins.*



*Rekstur Staðlaráðs Íslands nær til þess að auglýsa til umsagnar og staðfesta íslenska og evrópska staðla, halda úti íslenskrum staðlaskrá og hafa aðgengilega staðla í tugþúsundatali.*

*Staðlaráð tekur þátt í alþjóðlegu og evrópsku staðlastarfi, starfrækir fagstaðlaráð, tækninefndir og vinnu-hópa, vinnur og miðlar upplýsingum til hagsmunaaðila, þýðir erlenda staðla, leitar stöðugt nýrra leiða til að auka aðgengi að stöðlum og svara þörfum samfélagsins með stöðlunarverkefnum.*

Eins og sjá má af framansögðu er hlutverk Staðlaráðs viðamikilið. Ráðið fóstrar staðlastarf frá upphafi til enda, allt frá því hugmynd um stöðlunarverkefni verður til og þar til staðall er felldur úr gildi og ný útgáfa af sama staðli tekur við. Hagsmunir löggjafans og opinberrar stjórn-sýslu af virkri þátttöku í staðlastarfi eru miklir og opna margvísleg tækifæri til að tryggja hlítningu við lög og reglur á skilvirknan hátt.

Íslenskir hagsmunaaðilar eiga rétt til þátttöku í tækninefndum evrópsku staðlasamtakanna CEN og CENELEC og alþjóðlegu samtakanna ISO og IEC. Evrópsku staðlasamtökin CEN og CENELEC endurspeglar evrópskt samstarf, ekki síst vegna náins samstarfs við framkvæmdastjórn ESB sem tryggir einsleitun innri markað á evrópska efnahagssvæðinu og auðveldar þar með aðgengi vöru að mörkuðum. ISO og IEC endurspeglar samstarf á heimsvísu og þeirra staðlar eru innleiddir um allan heim vegna þess ávinnings sem í notkun þeirra felst.

Fulltrúar íslensks atvinnulífs taka um þessar mundir m.a. þátt í staðlastarfi um skilgreiningu og aðferðir við mælingar á

*Um þriðjungur af fjármögnun Staðlaráðs á rætur að rekja til þjónustusamnings við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, um þriðjungur er fjármagnaður með sölu staðla og sérfrármögnun einstakra verkefna. Þriðjungur má að lokum rekja til vinnuframlags sérfræðinga og fyrirtækja í atvinnulífinu sem vinna að stöðlun og staðlatengdum verkefnum í fagstaðlaráðum, tækninefndum og vinnuhópum.*

kolefnisfótspori í sjávarútvegi og að íslensku frumkvæði hefur verið skrifaður staðall um leiðbeiningar og kröfur til sjómanna sem fara fyrir borð til að bjarga öðrum úr sjó, sem staðfestur var 2019.

#### ■ Aðgengi að stöðlum og staðlastarfi

Gagnsæi er ein meginstoða staðlastarfs og opinberrar stjórn-sýslu. Í því felst meðal annars að aðgengi að stöðlum sé gott, ekki síst þeim sem vísað er til í lögum og reglugerðum. Evrópsk og alþjóðleg staðlasamtök leggja áherslu á slíkt aðgengi, rétt eins og Alþjóðaviðskiptastofnunin WTO. Gott aðgengi þýðir ekki að staðlar séu aðgengilegir án endurgjalds. Viðskiptamódel staðlasamtaka um allan heim byggir á því að fjármagna staðlastarf að hluta til með sölu staðla enda verður að telja sanngjarnt að notendur staðla kosti gerð þeirra. Slík fyrirkomulag stuðlar líka að hlutleysi og að staðlar séu ekki búnir til undir þrýsting frá fjársterkum hagsmunaaðilum.



## 2. AF HVERJU AÐ NOTA STAÐLA SEM STUÐNING VIÐ LÖG OG REGLUR?

Löggjafinn og framkvæmdavaldið hafa margar leiðir til að leysa úr áskorunum sem blasa við á opinberum vettvangi. Unnt er að búa til eigin leiðbeiningar og reglur sem vísa má til í lögum og reglugerðum. Sú aðferð getur þó verið kostnaðarsöm þar sem hún krefst mannafla, fjármuna og sérfræðiþekkingar enda þarf að viðhalda slíkum leiðbeiningum. Hún getur einnig leitt til ófyrirséðra hafta og hindrana og í framhaldi leitt af sér viðskiptahindranir á milli landa og markaða. Á hinn bóginn er unnt að nota samhæfða staðla sem spara bæði tíma og fjármuni.

Hérlendis er nærtækt að horfa til vöruþilskipana Evrópusambandsins sem innleiddar hafa verið hérlendis með lögum og reglugerðum. Í mörgum þeirra er gerð krafa um CE merkingu vara sem markaðssettar eru á innri markaði evrópska efnahagssvæðisins. CE merking vöru gefur til kynna að varan uppfylli þær lágmarkskröfur um öryggi og heilsuvernd sem settar eru fram í Evróputilskipunum. Slík auðkenning er skilyrði fyrir markaðssetningu þeirra vöruþilskipa sem umræddar tilskipanir ná yfir. CE merkið er því í raun afnám tæknilegra viðskiptahindrana á milli landa. Í vöruþilskipunum er vísað til staðla sem lýsa kröfum sem gerðar eru til framleiðslu þeirra

vara sem um ræðir. Staðlar hafa þannig orðið mikilvægur hluti af hinu samhæfða evrópska regluverki sem tryggir öryggi og heilsuvernd neytenda. *Sjá nánar í kafla 3.*

### ■ Til að ná markmiðum með löggjöf

Í fyrsta lagi lýsa staðlar annars vegar og löggjöf hins vegar gjarnan sameiginlegum markmiðum. Má þar nefna aukna samkeppnishæfni og skilvirkni og að auðvelda alþjóðaviðskipti.

Alþjóðlegir staðlar, frá ISO og IEC eru í fullu samræmi við þá ábyrgð sem ríki innan WTO hafa undirgengist við að draga úr viðskiptahindrunum. Samhæfir staðlar sem eiga rætur að rekja til Evrópusambandsins eru allir teknir upp sem íslenskir staðlar og eru gott dæmi um það hvernig staðlar eru notaðir sem stuðningur við regluverk nýaferðartilskipana. Löggjafinn getur því treyst því að með notkun slíkra staðla sé verið að uppfylla ábyrgð sem ríkið hefur undirgengist og að þeir endurspeglar alþjóðlegar viðskiptakröfur. Við staðlagerð er þetta tryggt m.a. með því að eingöngu einn staðall er í gildi hverju sinni um tiltekið efni. Notkun staðla tryggir líka sameiginlegan skilning á fjölmörgum atriðum á milli ólíkra markaða, er varða gæði og öryggi vöru og þjónustu. Í annan



stað eru staðlar í eðli sínu áhrifarík verkfæri við stjórnun vegna þeirra áhrifa sem þeir hafa á vörur, þjónustu og lífsgæði. Þau áhrif eru augljós þegar staðlar eru notaðir, hvort heldur sem er í opinberri þjónustu eða einkageiranum. Í einkageiranum gefa þeir fyrirtækjum tækifæri til að fylgja alþjóðlega viðurkenndum venjum til að auka samkeppnishæfni en um leið tryggja sanngjörn viðskipti. Staðlar hvetja til nýsköpunar og vaxtar með því að hlúa að tækniþróun. Í opinbera geiranum geta staðlar stuðlað að gagnsæi og samkeppni við opinber innkaup og auðveldað að tryggja viðbótarkröfur með tilvísun í þá í lögum og reglugerðum. Evrópusambandið á í víðtæku samstarfi við evrópsk staðlasamtök og notar staðla markvisst til að tryggja gæði og öryggi með tilvísunum til staðla í sínu regluverki. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sendir evrópsku samtökunum CEN og CENELEC reglulega beiðni um stöðlun á tilteknum sviðum í þeim tilgangi. Með tilvísun í staðla í regluverki sínu tryggir Evrópusambandið öryggi vöru, gæði ferla og frammistöðukröfur með skilvirkum og arðbærum aðferðum án þess að þurfa að skrifa þær kröfur í smáatriðum inn í tilskipanir og reglugerðir. CE-merking vöru sem krafist er í um 30 nýaðferðartilskipunum gefur t.d. til kynna að vara uppfylli lágmarkskröfur um öryggi og heilsuvernd. Varla þarf að fjölyrða heldur um mikilvægi fjarskiptastaðla sem skrifaðir eru í tækninefndum á vegum ETSI og teknir upp til að tryggja samvirkni á fjarskiptamarkaði um allan heim.

### **Til að nýta lausnir sem markaðurinn hefur sammælt um**

Í þriðja lagi eru fjölmörg sameiginleg atriði sem löggjafinn og staðlaverkið sækist eftir. Vegna þeirra hefur tilvísun í staðla í lögum og reglum orðið reglulegur, víðtækur og eftirsóknarverður hluti af löggjöf og góðri opinberri stjórnsýslu. Við báða enda þessa borðs er sóst eftir gagnsæi, hagkvæmni, skilvirkni, sameiginlegum skilningi á gæðum og öryggi, sammæli og aðkomu sérfræðinga að lausn á sameiginlegum áskorunum og þörfum. Löggjafinn getur með þessum hætti tryggt aðkomu hagsmunaaðila að úrlausn áskorana. Hjá Staðlaráði Íslands hafa hagsmunaaðilar með markvissum og gagnsæjum hætti unnið að úrlausn margvíslegra mála í samfélaginu, á sviði gæðastjórnunar, upplýsingatækni, raftækni, jafnréttismála, byggingariðnaðar, mannvirkjagerðar og samfélagslegrar ábyrgðar svo dæmi séu nefnd. Þá eru sérfræðingar á ýmsum sviðum þátttakendur í staðlastarfi á erlendum vettvangi svo

sem hjá ISO, IEC og evrópsku staðlasamtökunum CEN og CENELEC. Í tækninefndum á vettvangi Staðlaráðs Íslands starfa sérfræðingar víðsvegar að úr atvinnulífinu, bæði frá einkafyrirtækjum og opinberum stofnunum.

### **Til að auðvelda opinber innkaup**

Staðlar geta auðveldað stjórnvöldum kröfugerð við opinber innkaup þar sem viðmið þeirra sem best þekkja til eru nýtt við að ná fram sanngirni, gagnsæi, samkeppnishæfni og kostnaðarhagkvæmni svo eitthvað sé nefnt. Opinberir aðilar eru stórnotendur margskonar vöru og þjónustu og er notkun staðla árangursrík leið til að tryggja hlítinu krafna á tilteknum sviðum.

Í Ástralíu hafa stjórnvöld, með aðkomu ýmissa undirstofnana ríkisins, stutt dyggilega við og tekið þátt í starfi áströlsku staðlasamtakanna, Standards Australia, til dæmis með útgáfu leiðbeininga til þeirra sem annast opinber innkaup þar sem þeim er leiðbeint með það hvernig nýta má alþjóðlega staðla til viðmiðunar við útboð.<sup>2</sup>

Staðla má þannig nota til að tryggja árangur við lagasetningu og reglugerðasmíð en líka til að tryggja árangur á ótal mörgum öðrum sviðum.

### **Staðlar og milliríkjavíðskipti**

Algengasta notkun opinberra aðila á stöðlum felst í að vísa til þeirra í lögum eða reglugerðum. Yfirleitt er sú tilvísun óbein þannig að vísað er t.d. til staðla við gerð tæknilýsinga í opinberum innkaupum, að búnaður skuli vera í samræmi við kröfur tiltekinnna staðla eða að tilteknar aðgerðir skuli vera í samræmi við tiltekinn staðal.

Til að gefa dæmi um vel heppnaða tilvísun sem er í samræmi við kröfur laga um öryggi vöru og markaðseftirlit nr. 134/1995 má nefna tæplega 600 samhæfða staðla í 66 flokkum sem vísað er til í lögum um byggingavörur nr. 114/2014 en lögin eru íslensk innleiðing á reglugerð EB nr. 305/2011. Sjá vefsíðuna [www.samhaefdirstadlar.is](http://www.samhaefdirstadlar.is). Staðlaráð Íslands og Mannvirkjastofnun gerðu á grundvelli laganna samning um birtingu og vöktun á stöðlum sem vísað er til í tilskipuninni. Íslensk stjórnvöld bera ábyrgð á að birta réttar upplýsingar um gildandi staðla hverju sinni til að framleiðendur byggingavara, innflytjendur þeirra, notendur og neytendur geti glöggvað sig á þeim kröfum sem gerðar eru til byggingavara hérlendis.





Einn meginkostur staðla er að þeir eru farvegur viðskipta. Alþjóðaviðskipta-stofnunin WTO fer með reglusetningu sem varðar milliríkjaviðskipti. Samningur stofnunarinnar um afnám viðskipta-hindrana (e. WTO/TBT agreement) hefur þann tilgang að tryggja að regluverk ríkjanna, staðlar og samræmismat tryggi hindranalaus viðskipti á milli ríkja. Ein leið til þess er að tryggja samhljóm við tilurð,

viðurkenningu og notkun samræmdra viðmiða. Samningurinn viðurkennir þannig framlag alþjóðlegra staðla til framleiðniaukningar og eflingar alþjóðlegra viðskipta.

Evrópsk staðlagerð er óaðskiljanlegur hluti hins einsleita innri markaðar í Evrópu og eru íslenskir staðlar markvisst nýttir til að auka samkeppnishæfni og draga úr viðskipta-hindrunum.

### Stjórnvöld geta notað staðla til að styrkja fyrirtælanir sínar á mörgum öðrum sviðum

Sameinuðu þjóðirnar hafa notað staðla til að ná árangri við raforkuafhendingu í Afríku með því að nota tækniforskriftaröðina IEC TS 62257.

Ríki ESB fylgja alþjóðlega staðlinum ISO 26000, leiðbeiningum um samfélagslega ábyrgð.

Kanadísk stjórnvöld veita skipulagsheildum í iðnaði styrki til að innleiða orkustjórnunarstaðalinn ISO 55001 til að draga úr orkusóun.

Ríki Evrópu fylgja evrópskum fjarskiptastöðlum sem búnir eru til af hagsmunaaðilum hjá ETSI (European Telecommunication Standards Institute) til að samræma, einfalda og auðvelda fjarskipti í Evrópu með tilheyrandi lækkun kostnaðar.

Auk ofangreindra aðila má nefna til viðbótar Brasilíu, Kína, Mexíkó, Suður Afríku og Bandaríkin, sem öll hafa með einum eða öðrum hætti nýtt alþjóðlega staðla til að styrkja pólitískar fyrirtælanir og tryggja með því hlítungu við lög og reglur.

### Staðlar í lögum og reglugerðum

Lagasetning Alþingis – beinar tilvísanir til staðla (t.d. 10. tl. 2. gr. laga nr. 10/2008)<sup>3</sup>

Tækniforskriftir sem uppfylla kröfur stjórnvalda og auðvelda hlítungu laga eða reglugerða, s.s. að tryggja samhæfða framkvæmd, öryggi, heilsu, velferð og að takast á við umhverfismálefni. (t.d. TS236:2018 um rafrænt reikningaferli sem lýsir uppbyggingu rafræns reiknings eins og íslensk lög og viðskiptahefðir mæla fyrir um)

Annars konar tilvísanir (t.d. 1. tl. 3. gr. laga nr. 44/2011)<sup>4</sup>

### Staðlar á öðrum sviðum

Forgangsroðun fjármögnunar (t.d. val á verkefnum sem uppfylla tilteknar kröfur skv. stöðlum)

Opinber innkaup (t.d. ISO 20400 – Leiðbeiningar um sjálfbær innkaup)

Hegðunarreglur (e. codes of conduct) (t.d. ÍST EN ISO 10001 – leiðbeiningar skipulagsheilda til að tryggja ánægju viðskiptavina)

Hvatakerfi ( t.d. umbun fyrir innleiðingu á umhverfisstjórnunarkerfum eða leiðbeiningum um samfélagslega ábyrgð)

Vitundarvakning (t.d. ÍST ISO 26000 – Leiðbeiningar um samfélagslega ábyrgð)

<sup>3</sup>10. Vottun: Skrifleg yfirlýsing vottunaraðila sem veitt er með vottunarskrifteini, að undangenginni úttekt hans á jafnlaunakerfi fyrirtækis eða stofnunar, um að jafnlaunakerfið og framkvæmd þess uppfylli kröfur staðalsins ÍST 85, sbr. 1. gr. c staðalsins.

<sup>4</sup>1. Grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar: Tækni, stefnur, staðlar og mannaúður sem þarf til að afla stafræna landupplýsinga, vinna úr þeim, varðveita, miðla og auðvelda notkun þeirra.



### 3. INNRI MARKAÐUR ESB

#### ■ Staðlar styðja við innri markað ESB

Miklir séríslenskir hagsmunir eru undir í samstarfi okkar við aðrar Evrópuþjóðir. Þeir hagsmunir liggja hjá íslenskum framleiðendum sem setja vörur á markað í Evrópu, innflytjendum vöru hérlandis sem geta treyst á sameiginlegt regluverk en ekki síst neytendum sem njóta góðs af þeirri vernd sem fólgin er í því að löggjafinn nýtir sameiginleg viðmið staðla.

Megininntakið í samstarfi Evrópusambandsins og evrópsku staðlasamtakanna CEN, CENELEC og ETSI er „nýja aðferðin“ (e. new approach) þar sem samhæfðir staðlar leika lykilhlutverk. Þegar fram kemur þörf fyrir stöðlun á tilteknu sviði er fyrst athugað hvort til er alþjóðlegur staðall um tiltekið efni. Sé hann til er hann tekinn upp sem evrópskur staðall. Sé hann ekki til sendir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins evrópsku staðlasamtökunum stöðlunarbeiðni um samhæfðan staðal á því sviði sem óskað er. Evrópustaðall (EN) er staðall sem hefur verið samþykktur innan evrópsku staðlasamtakanna CEN, CENELEC eða ETSI. Öll aðildarlönd EES eru skyldug til að innleiða slíkan staðal sem landsstaðal og nema úr gildi eldri landsstaðla á sama sviði. Á Evrópska efnahagssvæðinu er óheimilt að markaðssetja vörur án svokallaðs CE-merkis, heyrir þær undir nýaðferðartilskipanir. Þetta gildir einnig um íslenskar vörur á íslenskum markaði. Framleiðendur sjálfir bera ábyrgð á að vörur þeirra séu CE-merktar en innflytjendur bera ábyrgð á að vörur sem þeir flytja inn beri CE-merki, ef við á. Í viðauka við hverja tilskipun er birtur listi yfir þá Evrópustaðla (EN) sem eiga við hverju sinni. Uppfylli vara kröfur staðla sem tilskipun vísar til er gert ráð fyrir að varan uppfylli kröfur þeirrar tilskipunar. Á þennan hátt er hægt að hafa löggjöfina

almenna og aðferðir til að uppfylla kröfur löggjafarinnar (staðla) sveigjanlegar. Hver vara getur þurft að uppfylla kröfur fleiri en einnar tilskipunar.

Þegar evrópskir staðlar eru gefnir út og framleiðendur vöru gefa út samræmisýfirlýsingu um að vara þeirra uppfylli kröfur staðlanna eða hafa eftir atvikum fengið viðurkenningu þriðja aðila á því, er þeim heimilt að markaðssetja hana. Með slíkri yfirlýsingu öðlast varan fyrirfram gefið samþykki fyrir markaðssetningu á öllu evrópska efnahagssvæðinu enda gilda þar gagnkvæmar reglur um viðurkenningu á stöðlum og eftirliti. Nánar um nýaðferðartilskipanir, CE merkingar og samræmismat á heimasíðu Staðlaráðs Íslands.

Stefna Evrópusambandsins er að samræmdar grunnkröfur um öryggi og heilsuvernd skuli gilda í öllum ríkjum ESB. Kröfurnar eru settar fram í tilskipunum þar sem vísað er til staðla og skal vara sem sett er löglega á markað í einu ríki skal vera fullboðleg í öðrum ríkjum og á Evrópska efnahagssvæðinu. Framleiðendum vara er ekki skylt að fylgja stöðlum en notkun þeirra er einföld og skilvirk leið til að sýna að vara uppfylli allar viðeigandi tilskipanir. Framleiðendum ber hins vegar að uppfylla lágmarkskröfur sem lýst er í stöðlunum og einfaldasta leiðin er að nota þá.

Af þessu sést hversu ákjósanlegt og nauðsynlegt er að vinna samkvæmt stöðlum. Staðlar eru skjöl sem innihalda lausnir sem margir hagsmunaaðilar hafa komið sér saman um að séu góðar. Einnig er mikilvægt að staðlar eru ekki settir einhliða af yfirvaldi eða samtökum með takmarkaða viðurkenningu. Þvert á móti, staðlar geta verið viðurkenndir sem landsstaðlar, innan Evrópu og jafnframt haft alþjóðlegt gildi.



Með innleiðingu á tilskipun Evrópusambandsins 2001/95/EB, sem tekin var upp með lögum nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu var tekin upp sú aðferð að lýsa vöru örugga ef hún uppfylli skilyrði sem koma fram í íslenskum stöðlum, sem innleiða Evrópustaðla sem tilvísun hefur verið birt í hér á landi og í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins í samræmi við ákvæði tilskipunar um öryggi vöru.

Gott aðgengi að stöðlum og upplýsingum um gildandi staðla sem vöruútskipanirnar tiltaka er grundvallaratriði fyrir framleiðendur, innflytjendur og neytendur.

Vöruútskipanir sem innleiddar hafa verið hérlendis telja á þriðja tug í upphafi árs 2020. Í þeim eru á fimmta þúsund tilvísanir til staðla.

#### ■ Samræmismat á innri markaði ESB

Samræmismat tengist hlítingu krafna við hönnun og framleiðslu þeirra vara sem nýaðferðartilskipanir ESB ná til. Samræmismatið afnemur tæknilegar viðskiptahindranir á milli landa því vara sem nýaðferðartilskipanir ná til, framleidd er eftir kröfum staðla sem vísað er til þar og hefur undirgengist samræmismat, á sjálfkrafa og tafarlausan aðgang að öllum innri markaði Evrópu. Þannig er dregið er úr hindrunum á mörkuðum milli landa enda eru þá fyrir hendi samningar og gagnkvæmar viðurkenningar á samræmismati, prófunum, skoðunum og vottunum.

#### Samræmismat getur farið fram með eftirfarandi hætti:

- Framleiðandi gefur út yfirlýsingu um að varan uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til hennar í lögum og reglugerðum. Eftir atvikum hafa verið gerðar prófanir innanhúss eða utan.

- Yfirlýsing þriðja aðila, oft hagsmunaaðila um að þeir hafi fylgst með prófunum á tiltekinni vöru og hún uppfylli lágmarkskröfur.
- Vottun, prófun eða skoðun þar sem faggiltar vottunar-, prófunar- eða skoðunarstofur fylgja viðurkenndu stöðluðu ferli við að prófa tiltekið efni, vöru eða kerfi til að tryggja að efni virki eins og til er ætlast, vörur séu öruggar og kerfi uppfylli staðlaðar og tilgreindar kröfur staðals.

#### ■ Opinbert markaðseftirlit

Opinbert markaðseftirlit er lykilmatriði við að tryggja öryggi og gæði innviða í hverju ríki. Því má ná með mati fyrirfram eða með markaðseftirliti sem fer fram eftir á, eftir atvikum með viðurkenningarferli þar sem faggiltir aðilar framkvæma prófanir, skoðun eða vottun. Notkun á stöðlum leikur þar lykilhlutverk enda um að ræða kröfur sem allur markaðurinn þekkir.

Með mati fyrirfram geta opinberir ailar gengið úr skugga um að samræmismatið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru. Með mati sem fer fram eftir á má tryggja gæði og öryggi vöru og þjónustu með því að skoða og/eða prófa með markvissum hætti vörur á markaði. Það má einnig gera með því að skoða samræmisýfirlýsingu frá framleiðanda og eftir atvikum kalla eftir skjölum um prófanir, vottun og skoðun faggiltra aðila í öðrum ríkjum. Markaðseftirlit fer einnig fram með þeim hætti að tekið er við tilkynningum um skaðsemi vara á markaði. Þá er brugðist við með viðeigandi hætti, s.s. að innkalla vöru eða banna sölu hennar.

■ Á Íslandi sinna níu aðilar opinberu markaðseftirliti. Þeir eru:



■ Dæmi um tilvísun til staðla vegna opinbers markaðseftirlits:

#### Lög nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu:

9. gr.

□ Framleiðsla og dreifing vöru, svo og þjónusta sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti, skulu ávallt vera í samræmi við ákvæði laga, re glugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla sem gilda hverju sinni um öryggi vörunnar.

□ **[Vara telst vera örugg ef hún uppfyllir skilyrði sem fram koma í íslenskum stöðlum, sem innleiða Evrópustaðla, sem tilvísun hefur verið birt í hér á landi og í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins í samræmi við ákvæði tilskipunar um öryggi vöru.**

□ Í þeim tilvikum þar sem ákvæði um öryggi vöru er ekki að finna í reglum eða stöðlum í samræmi við 1. og 2. mgr. skal öryggi vörunnar m.a. metið með hliðsjón af eftirfarandi:

##### 1. Íslenskum stöðlum.

2. Tilmælum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins þar sem fram koma viðmiðunarreglur um mat á öryggi vöru.

3. Gildandi lögum og reglum um góðar starfsvenjur varðandi öryggi vöru innan viðkomandi atvinnugreinar.

##### 4. Evrópustaðlum, öðrum en þeim sem getið er í 2. mgr.

5. Öðrum viðeigandi atriðum, þar á meðal eðli vöru, öðrum vörum sem hún er notuð með, tæknistigi og tækni og því öryggi sem neytendur geta vænst með réttu.

□ Ef ekki eru til sérákvæði í tilskipunum Evrópusambandsins um öryggi tiltekinna vöru telst viðkomandi vara örugg ef hún er í samræmi við sérreglur [í landslögum þess EES-ríkis, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja]<sup>1)</sup> þar sem hún er markaðssett enda séu slíkar reglur í samræmi við grundvallarreglur Evrópusambandsins og EES-samningsins um leyfilegar takmarkanir að því er varðar öryggi vöru.]

<sup>1</sup> L. 108/2006, 109. gr. <sup>2</sup> L. 68/2004, 5. gr.



## 4. AÐFERÐIR VIÐ TILVÍSANIR

### ■ Hvað skal gera?

Þegar ákveðið hefur verið að vísa í staðal þarf að ákveða með hvaða hætti á að gera það. Oft er talað um grunnkröfur þar sem miðað er við að ef farið er að kröfum staðalsins séu kröfur laganna uppfylltar. Kjósi framleiðandi að leysa málið öðruvísi þarf a.m.k. að uppfylla kröfur sem jafna kröfur staðalsins. Fara þarf fram mat á því hvort staðall er hentugur til notkunarinnar og hvort notkun hans mætir þeim kröfum sem gera á. Þá þarf einnig að huga að því hvernig regluverki verður viðhaldið ef tekin er upp ný útgáfa af staðli þannig að tilvísun til staðla sé rétt á hverjum tíma.

### ■ Bein tilvísun í laga-/reglugerðartexta

Með beinni tilvísun í staðal forðast stjórnvöld afritun texta hans og þurfa því ekki að óska leyfis t.d. vegna höfundaréttar. Það er einnig talsverður ávinningur fólgin í því að vísa eingöngu til einstakra greina staðals með beinum hætti ef ætlunin er að fylgja eingöngu hluta staðalsins. Unnt er að velja tvær leiðir við beina tilvísun, þ.e. dagsetta eða ódagsetta.

*Bein tilvísun í lögum eða reglugerðum er það þegar vísað er beint í nafn staðals og númer. Þessi aðferð er víða notuð vegna þess að notkun staðla er alla jafna valkvæð. Því þarf að gæta vel að orðavali og framsetningu tilvísunar.*

### ■ Bein dagsett tilvísun

Bein dagsett tilvísun er það þegar vísað er til heitis, númers og dagsetningar útgáfuárs. Slík tilvísun vísar þá eingöngu til þess staðals og er óháð seinni útgáfum sama staðals, enda fær hann þá nýja útgáfudagsetningu/-ártal. Þessi aðferð með beinni,

dagsettri tilvísun hefur í för með sér ákveðið réttaröryggi þar sem löggjafinn þarf þá ekki að breyta lögum eða reglugerð með nýrri útgáfu staðalsins. Aðferðin hefur hins vegar þann ókost að ekki er víst að tilvísunin haldi í við tækniþróun á viðkomandi sviði. Tilvísanir til einstakra ákvæða staðals, taflna, mynda og viðauka í stöðlum ættu samt sem áður alltaf að hafa útgáfudagsetningu (ártal) enda gæti röð ákvæða breyst, myndir og viðaukar og því átt við eitthvað allt annað en ætlunin var að vísa til upphaflega. Á sviðum þar sem tækniþróun er hröð eru beinar, dagsettar tilvísanir fljótar að úreldast og gætu aðrar aðferðir gagnast betur í slíkum tilvikum. Þegar staðli er ekki breytt, heldur einungis bætt við hann viðaukum í endurskoðunarferli mætti nota beina dagsetta tilvísun og bæta síðan við textanum „með síðari breytingum“ ef við á.

### ■ Dæmi um beinar dagsettar tilvísanir:

*Upplýsingaöryggiskerfið skal uppfylla kröfur/vera í samræmi við ÍST EN ISO/IEC [númer staðals]:[ártal], [heiti staðals]*

*Upplýsingaöryggiskerfið skal uppfylla kröfur/vera í samræmi við ÍST EN ISO/IEC [númer staðals]:[ártal], (með síðari breytingum) [heiti staðals].*

### ■ Bein ódagsett tilvísun

Þegar notuð er bein ódagsett tilvísun er einungis vísað til númers staðals og heitis en útgáfuári sleppt. Þessi aðferð er sveigjanlegri að því leyti að með henni er vísað til þess staðals sem er í gildi hverju sinni. Löggjafinn eða framkvæmdavaldið þarf með því ekki að huga að breytingum á laga- eða reglugerðartexta með nýrri útgáfu staðals eða staðla sem vísað er til. Ef eingöngu á

að vísa til einstakra ákvæða, mynda eða viðauka ætti, eins og áður sagði alltaf að vísa til útgáfudagsetningar. Bein ódagsett tilvísun gæti verið með þeim hætti að vísað sé til nýjstu útgáfu af tilteknum staðli.

#### ■ Dæmi um beina ódagsetta tilvísun:

*Upplýsingaöryggiskerfið skal uppfylla kröfur/vera í samræmi við nýjstu útgáfu ÍST EN ISO/IEC [númer staðals], [heiti staðals].*

Þessi aðferð er umdeild þar sem færa má rök fyrir því að með henni sé löggjafarvald framselt og hún gangi því gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar.

#### ■ Óbeinar tilvísanir

Óbeinar tilvísanir felast í að mæla með notkun á og halda opinbera skrá yfir staðla utan hins eiginlega lagaramma. Með því heldur löggjafinn sjálfur utan um staðla sem hann vísar til, eftir atvikum með því að úthýsa verkefninu til undirstofnana eða Staðlaráðs Íslands. Með því safnar löggjafinn saman þeim viðmiðum sem vísað er til í lögum og reglugerðum og gerir aðgengileg hlutaðeigandi hagsmunaaðilum án þess að taka þurfi upp regluverkið og breyta við hverja breytingu á stöðlunum. Óbeinar tilvísanir eru m.a. notaðar í Evrópu við framkvæmd hinnar „nýju aðferðar“<sup>(6)</sup> og „nýa aðferðartilskipanir“. Þær tilskipanir styðjast við óbeinar tilvísanir í staðla. Staðlarnir eru s.k. samhæfðir staðlar og aðferðinni er ætlað að tryggja að öll aðildarríki EES starfi á einum sameiginlegum markaði, innri markaði Evrópu.

#### ■ Dæmi um óbeina tilvísun í lögum um byggingarvörur nr. 114/2014:

- 8. gr. Birting samhæfðra evrópskra staðla.
- Samhæfðir evrópskir staðlar sem samþykktir eru á grundvelli ákvæða reglugerðar ESB nr. [305/2011](#) og innleiddir af Staðlaráði Íslands eru skyldubundnir í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Mannvirkjastofnun birtir lista yfir slíka samhæfða evrópska staðla á vefsíðu sinni. Ráðherra getur

með reglugerð<sup>1)</sup> falið öðru stjórnvaldi eða Staðlaráði Íslands birtingu staðla samkvæmt þessari málsgrein.  
<sup>1)</sup>[Rg. 665/2016](#).

#### ■ Alþjóðlegir staðlar, Evrópustaðlar, landsstaðlar

Ávinningur af notkun staðla við löggjöf og framkvæmd opinberrar stefnu hefur orðið síalgengari og fjölmörg ríki hafa mótað sér stefnu til að hvetja til notkunar þeirra.

Forskeyti staðla segja til um uppruna þeirra.

Alþjóðlegir staðlar hafa forskeytin ISO og/eða IEC á undan númeri og heiti.

**Dæmi:** ISO 19011:2018 Guidelines for auditing management systems.

Samþykktir Evrópustaðlar hafa forskeytið EN. Þegar þeir eru gerðir að landsstöðlum á Íslandi, eins og skylt er, fá þeir forskeytið ÍST EN eða ÍST EN IEC.

**Dæmi:** ÍST EN 13670:2009 Framkvæmdir við steypt mannvirki. Alþjóðlegir staðlar eru í mörgum tilvikum gerðir að Evrópustöðlum og þar með að íslenskum stöðlum. Þegar búið er að staðfesta staðalinn hérlandis bætist íslenska forskeytið við og verður t.d. ÍST EN ISO eða ÍST EN ISO/IEC.

**Dæmi:** ÍST EN ISO 9001:2015 – Gæðastjórnunarkerfi – kröfur á uppruna sinn hjá alþjóðlegu staðlasamtökunum ISO, var tekinn upp af evrópsku staðlasamtökunum CEN og loks þýddur og gerður að íslenskum staðli. Ártalið vísar til þess að útgáfa staðalsins er frá árinu 2015. Á vef Staðlaráðs má einnig sjá að íslenska þýðingin tók gildi 30. mars 2016.

**Allir Evrópustaðlar eru teknir upp sem íslenskir staðlar og því er vitnað til íslenskra staðla við innleiðingu á tilskipunum og reglugerðum ESB sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995.**



## 5. HVAD BER AÐ HAFA Í HUGA?

### ■ Löggjafinn stjórnar ferðinni

Þegar ákveðið er að vísa í staðla í lögum og reglum er ekki verið að útvista lagasetningu til annarra. Löggjafinn og eftir atvikum framkvæmdavaldið hafa í öllum tilvikum vald til að breyta og uppfæra löggjöf og eyða slíkri tilvísun úr lögum og reglum ef hún fullnægir ekki lengur markmiðinu sem ætlað er að ná. Um er að ræða vísun í skjöl sem byggja á sammæli hagsmunaaðila. Ef vísað er til alþjóðastaðla er byggt á víðtæku samráði og sammæli hagsmunaaðila á alþjóðavísu. Staðlastarf fer fram með aðkomu sérfræðinga í hverri grein og nýtur þess að vera gagnsætt og opið ferli þar sem hagsmunaaðilar gera athugasemdir við frumvörp sem auglýst eru opinberlega. Þetta fyrirkomulag stuðlar að því að lausnirnar sem staðlar bjóða eru raunhæfur afrakstur víðtæks samráðs. Löggjafi sem íhugar að notfæra sér kosti þess að vísa til staðla þarf hins vegar alltaf að meta hvort það henti til að ná settu marki. staðla. Þannig þarf til dæmis að fara fram mat á áhættu vöru/þjónustu, aðstæðum í hverju landi og markmiði reglurammans.

### ■ Viðhaldsferill staðla

Staðlar eru endurskoðaðir með reglulegu millibili (oft 4-7 ára) til að tryggja að þeir endurspegli tækniframfarir og bestu venjur og viðmið á sínu sviði. Löggjafinn og framkvæmdavaldið þurfa þess vegna að fylgjast náið með stöðlum sem vísað er til í regluverkinu í þeim tilgangi að gera viðeigandi ráðstafanir vegna uppfærslna, breytinga, viðauka og þess þegar staðlar eru felldir úr gildi.

Fordæmi eru fyrir því að gerðir séu vöktunarsamningar við Staðlaráð Íslands. Slíkur samningur er t.a.m. í gildi á milli Mannvirkjastofnunar og Staðlaráðs Íslands sem fer með ábyrgð á birtingu og vöktun þess staðlasafns sem er undirliggjandi í lögum um byggingarvörur nr. 114/2014.

Sjá nánar á [www.samhaefdirstadlar.is](http://www.samhaefdirstadlar.is)



## 6. STAÐLANOTKUN Í ÍSLENSKU ATVINNULÍFI

Staðlasamtök á Norðurlöndum gerðu á árinu 2017 og 2018 sameiginlega rannsókn á ávinningi af staðlanotkun í atvinnulífinu.<sup>7</sup> Rannsóknin náði til 1179 fyrirtækja í átta atvinnugreinum. Niðurstaðan var sú að staðlanotkun stuðlaði að 28% aukningu á landsframleiðslu og 39% aukningu í framleiðni fyrirtækja á árunum 1976-2014 en heildarsafn staðla tvöfaldaðist á því tímabili. Staðlar eru því taldir hafa stuðlað að 0,7% árlegri framleiðniaukningu á þessu tímabili.

Stjórnendur fyrirtækja sjá fjölmarga kosti við staðlanotkun. Má þar nefna aukið aðgengi að nýjum mörkuðum, tryggingu fyrir gæðum, auðveldari áhættustjórnun og jákvæðari umhverfisáhrif auk þess sem 84% stjórnenda segja staðla auðvelda hlítningu laga og reglna.

*Bein þátttaka í staðlastarfi veitir stjórnendum fyrirtækja forskot með því að þeir sjá fyrir breytingar og þróun, auka samstarf og styrkja tengslanet. Þeir hafa einnig tækifæri til að hafa áhrif á framtíðina í sinni atvinnugrein. Staðlaráð Íslands gerði sambærilega könnun meðal hagsmunaaðila innan Staðlaráðs. Flestir svarendur hérlendis sögðust taka þátt í staðlastarfi til að stuðla að frekari framþróun í sinni atvinnugrein og vildu þannig leggja sitt af mörkum við að styrka atvinnugrein sína.*

Staðlanotkun skiptir einnig gríðarlegu máli fyrir neytendur sem eiga að geta gengið að því að CE merkt vara uppfylli kröfur um öryggi og heilsuvernd. Í viðskiptum er einnig grundvallaratriði að notast sé við staðlaðar skilgreiningar s.s. varðandi byggingarstig húsa, hvað felst í kröfum um hljóðvist og hvernig neyðarlýsing skal úr garði gerð þannig að hún uppfylli kröfur.





## ■ Söluháir staðlar á Íslandi

**ÍST 85:2012** – Jafnlaunakerfi – kröfur og leiðbeiningar

**Ýmsir ISO og IEC staðlar**, sértækir

**ÍST 200:2010** – Handbók um raflagnir bygginga

**EN** byggingarefnisstaðlar/heilsuverndarstaðlar/  
vökvakerfisstaðlar/raftæknistaðlar/stjórnsýslustaðlar

**ÍST 30:2012** Almennir útboðs- og samningskilmálar um  
verkfrákvæmdir

**ÍST EN ISO 9001:2015** - Gæðastjórnunarkerfi og kröfur  
(íslensk þýðing)

**ÍST EN ISO/IEC 27001:2017**

Upplýsingatækni – Öryggisaðferðir – Stjórnunarkerfi um  
upplýsingaöryggi – Kröfur (íslensk þýðing)

**ÍST EN ISO/IEC 27002:2017**

Upplýsingatækni – Öryggisaðferðir – Starfsvenjur  
fyrir upplýsingaöryggisstýringar (íslensk þýðing)

**ÍST ISO 15489-1:2016** Upplýsingar og skjalfesting – skjalastjórn

1. hluti: Hugmyndir og meginreglur

**ÍST 51:2001** - Byggingarstig húsa

## ■ Aðrir áhugaverðir alþjóðlegir staðlar

**ÍST EN ISO 14001:2015** Umhverfisstjórnunarkerfi

– kröfur ásamt leiðsögn um notkun

**ISO 37001:2016** – Anti-bribery management systems

**ISO 37120:2018** – Sustainable cities and communities  
– indicators for city services and quality of life

**ÍST ISO 26000:2010** – Leiðbeiningar um samfélagslega  
ábyrgð (íslensk þýðing)

**ISO 45001:2018** – Occupational health and safety  
management systems

**ISO 22716:2007** – Cosmetics – Good Manufacturing  
Practices - Guidelines

**ISO/AWI TS 24082** – Design of excellent services and  
outstanding customer experiences (í vinnslu)

**ISO 13216:1999** – ISOFIX child seats for cars

**ISO 20121:2012** – Sustainable events

**ISO 20400:2017** – Sustainable procurement – Guidance

**ISO 21401:2018** – Tourism and related services

– Sustainability management system for accommodation  
establishments - requirements



# STAÐREYNDIR

Notkun alþjóðlegra og evrópskra staðla opna íslenskum fyrirtækjum nýja möguleika og tryggja samkeppnishæfni sína á innanlandsmarkaði.

Staðlar stuðla að neytendavernd hvort sem er í þróunarríkjum eða þróuðum. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins nýtir staðla markvisst til að tryggja öryggi neytenda og heilsuvernd, m.a. með CE merkingum.

Staðlar draga úr viðskiptahindrunum og auðvelda aðgengi lítilla og meðalstórra fyrirtækja að nýjum mörkuðum með því að nýta þekkt viðmið sem endurspeglar góðar viðskiptavenjur, hagkvæmni, gæði og öryggi.

Staðlar endurspeglar bestu viðmið atvinnugreina og eru farvegur fyrir nýja tækni, nýsköpun og nýja starfshætti.

Alþjóðlega staðla má taka upp sem landsstaðla og tilvísun í staðla getur dregið úr þörf lögjafans og framkvæmdavaldsins til að setja flóknar reglur innanlands.

Staðlar eru notaðir við samræmismat til að tryggja virkni, gæði og öryggi vöru, kerfa, ferla, þjónustu og í starfsmannahaldi.

Alþjóðlegu staðlasamtökin ISO hafa varðað leiðina að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna með nær 1000 alþjóðlegum stöðlum sem styðja við þau, þ.m.t. 154 stöðlum sem varða loftslagsmál sérstaklega.<sup>8</sup>

Framleiðendur og innflytjendur vara sem heyra undir vöruþilskipanir ESB og eiga að bera CE merkið, nota staðla til að tryggja að vörunar uppfylli kröfur viðeigandi tilskipana.

Staðlar eru hryggjarstycki ýmissa mikilvægra kerfa, s.s. fjarSKIPAKERFA, samvirkni milli ólíkra hluta og ólíkra framleiðenda á sambærilegum hlutum, umhverfisstjórnunarkerfa, gæðastjórnunarkerfa, upplýsingaöryggisstjórnun, árangurs á sviði sjálfbærni og svo má lengi telja.





ÍSLENSKIR  
STAÐLARÁÐ ÍSLANDS STAÐLAR



Staðlaráð Íslands // Þórunnartúni 2, 3. hæð // 105 Reykjavík  
Sími 520 7150 // [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is) // [stadlar@stadlar.is](mailto:stadlar@stadlar.is)